

Uppfært í október 2020.

Reglur nr. 490/2019, með síðari breytingum sbr. reglur nr. 962/2020.

## REGLUR

### um starfskjör forstöðumanna.

1. gr.

#### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um starfskjör þeirra forstöðumanna ríkisins, sem heyra undir ákvörðunarvald fjármála- og efnahagsráðherra hvað varðar laun og starfskjör, sbr. 39. gr. a. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

Reglur þessar gilda einnig um starfskjör þeirra sem fá laun samkvæmt sérákvæðum í lögum, aðra en þjóðkjörna fulltrúa, dómara og ráðherra.

2. gr.

#### *Laun.*

Reglubundin heildarlaun eru ákveðin í samræmi við niðurstöðu grunnmats starfs forstöðumanns stofnunar, sbr. 39. gr. a. laga nr. 70/1996. Reglubundin heildarlaun samanstanda af föstum launum fyrir dagvinnu og öðrum launum er starfinu fylgja. Þeir, aðrir en þjóðkjörmir fulltrúar, dómara og ráðherra, sem fá greidd laun samkvæmt sérákvæðum í lögum, sbr. 2. mgr. 39. gr. laga nr. 70/1996, fá greidd laun í samræmi við viðkomandi sérákvæði.

Hlutadeigandi ráðherra, eða eftir atvikum stjórn, getur að auki ákvarðað greiðslu viðbótarlauna til þeirra sem heyra undir 39. gr. a., samkvæmt reglum fjármála- og efnahagsráðherra um greiðslu viðbótarlauna forstöðumanna.

Fyrsta desember ár hvert skal sá sem reglur þessar gilda um og telst í fullu starfi fá greidda persónuuppbót sem skal vera sama krónutala og háð sömu skilyrðum og gilda fyrir Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS).

3. gr.

#### *Orlof.*

Um orlof og orlofsuppbót gildir 4. kafli kjarasamnings fjármála- og efnahagsráðherra og FHSS eins og hann er á hverjum tíma að því undanskildu að ríkissjóður skal greiða gjald af launum í sérstakan orlofsjóð, Ármessjóð. Gjald þetta skal nema 0,3% af reglubundnum heildarlaunum og greiðist mánaðarlega eftir á.

4. gr.

#### *Veikindaréttur.*

Þeir sem reglur þessar eiga við um skulu njóta sama réttar vegna veikinda og slysa og félagsmenn í Bandalagi háskólamanna (BHM), Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) og Kennarasambandi Íslands (KÍ) samkvæmt 12. kafla kjarasamnings fjármálaráðherra við þau stéttarfélag sem tilheyrir fyrrgreindum samtökum. Réttindi embættismanna skv. 30. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, skerðast þó á engan hátt.

5. gr.

#### *Tryggingar.*

Um tryggingar gildir 7. kafli kjarasamnings fjármála- og efnahagsráðherra og FHSS eins og hann er á hverjum tíma.

6. gr.

#### *Fræðsla og endurmenntun.*

Þeir sem reglur þessar eiga við um skulu viðhalda og þróa starfshæfni sína og menntun með þátttöku á ráðstefnum, námskeiðum eða sækja viðurkennt framhaldsnám með samþykki hlutadeigandi ráðuneytis. Þeir sem reglur þessar eiga við um eiga rétt á launuðu leyfi til að sækja endurmenntun eða sinna starfsþróun í samræmi við starfsþróunaráætlun stjórnenda. Lengd leyfis er allt að tvær vikur á ári. Unnt er að veita lengra leyfi á lengra árabili en uppsafnaður réttur getur aldrei orðið meiri en sex mánuðir. Um laun og önnur

atriði í leyfinu gilda sambærileg ákvæði og í 10. kafla kjarasamnings fjármála- og efnahagsráðherra og FHSS eins og hann er á hverjum tíma.

Einstaka sérreglur um fræðslu og endurmenntun þeirra sem reglur þessar eiga við um halda gildi sínu, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.

Ríkissjóður greiðir gjald í starfsmenntunarsjóð embættismanna. Gjald þetta nemur 0,92% af reglubundnum heildarlaunum.

7. gr.

*Viðbótarframlag til lífeyrissparnaðar.*

Um viðbótarframlag til lífeyrissparnaðar gildir 15. kafli kjarasamnings fjármála- og efnahagsráðherra og FHSS eins og hann er á hverjum tíma.

8. gr.

*Fjölskyldu- og styrktarsjóður.*

Launagreiðandi greiðir gjald vegna þeirra sem reglur þessar eiga við um í Fjölskyldu- og styrktarsjóð BHM. Gjaldið er það sama og kemur fram í 14. kafla kjarasamnings fjármála- og efnahagsráðherra og FHSS eins og hann er á hverjum tíma.

9. gr.

*Ferðir og gisting.*

Um ferðakostnað gildir 5. kafli kjarasamnings fjármála- og efnahagsráðherra og FHSS eins og hann er á hverjum tíma.

10. gr.

*Annar kostnaður og styrkir.*

Þeir sem reglur þessar eiga við um skulu njóta sömu hlunninda og tíðkast innan viðkomandi stofnunar hvað varðar önnur almenn starfskjör.

11. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar sem settar eru með heimild í 39. gr. og 39. gr. a laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi.

[...]